Velkomin heim

- eða óður til mennskunnar

Kristín Gunnarsdóttir

Listaháskóli Íslands
Myndlistardeild
Meistaranám

Velkomin heim

- eða óður til mennskunnar

Kristín Gunnarsdóttir
Leiðbeinandi: Jóhannes Dagsson
Vorönn 2014

Rannsóknin *Velkomin heim* hvelfist um mennskuna og hvar hana megi finna. Þverstæða tilveru á stöðugri hreyfingu, togstreita verundar og vitundar, hins ytra og hins innra er birt sem hreyfiafl alheims sem verður að faðma sem slíkt svo að nálgast megi skapandi manneskjuna. Hugtök um samstarf og þátttöku hafa ómað víðfeðmt á lendum listarinnar á undanförnum árum. Í rannsóknum mínum er þátttakan lykilþáttur en byggir á þátttöku einstaklings í eigin lífi og seiðkraftinum sem þar býr. Þannig birtist einstaklingur sem hinu almenna æðri – einstaklingurinn skapar samfélag og þátttaka hans í eigin lífi því undanfari þess samfélags sem hann skapar. Fegurðin eða estetíkin hvílir í þátttakandum sjálfum, estetíkin verandi listin sjálf og aðgengileg öllum gegnum þátttöku í eigin lífi. Þátttakandi í eigin lífi er alltaf bæði í senn þiggjandi og gefandi og nýtur hinna andstæðu krafta að störfum inní sér. Andstæður hverfast ekki um keppni og auðveldlega má ímynda sér lífinu lifað í áreynslulausu flæði ef andstæðurnar eru faðmaðar sem hreyfiafl tilveru á hreyfingu - óþekktri hreyfingu. Listin býður þessa leið og gengst við því að vera stöðugt haldið út í óvissuna. Í rými fjarstæðunnar býr fegurðin og mennskan - estetíkin og mennskan, verandi af sama meiði - af tagi rýmisins. Í rannsókninni leitast ég við að afhjúpa rýmið - samfélagsstrúktúrana sem við höfum skapað og okkur sjálf sem hluta af þeim, svo taka megi ábyrgð á sköpuninni. Minnast má orða Joseph Beyus með hlýju: „Þessi nútímalegasta listgrein – Samfélagsskúlptúr / Samfélagsarkitektúr – mun einungis bera ávöxt þegar hver einasta lifandi manneskja verður skapari, skúlpúristi eða arkitekt hinnar lifandi heildar.”

Efnisyfirlit

Rannsókn 3

Þverstæðan 6

Eining tvenndarinnar 7

Vesica Piscis eða þverstæðan 7

Þverstæðan og list þátttökunnar 11

Þátttakan og aðferðin 17

Þátttakandinn 17

Atburðir Slíjm sf. 21

Skapandinn 24

Velkomin heim - eða óður til mennskunnar í fjórum hlutum 26

Þögn 32

Heimildaskrá: 35

Myndaskrá: 37

34

The One is not included by any Limits.

The Heavens of Heavens, comprehend THEE not.

18

By this means they are Combined.



Here is Labour, & there is Rest.

121

This One is capable both of this and of that.



Choose, and what thou choosest shall be thine.

113

There is no coming to the One with one Jump;



and none, without going about

76

What Thou hast of One yield to that One again, if thou intendest to keep it.

Only by so doing canst thou be a perpetuum Mobile.

23

Neither Beginning nor End.

The End is swallowed up by the Beginning.

Rannsókn

Þú ert sá sem þú leitar – eða rann sókn. Sókn í rann, að sækja í hús eða sækja heim. Hvar er heima? Hvað er það í daglegu lífi okkar sem birtir kall okkar eigin veru – hvar býr mennskan?[1]

Ef ég trúi því að mannskepnan sé á villigötum og hafi á ferðum sínum firrt sjálfa sig undrinu sjálfri sér, hvernig fer ég þá að því að birta þá trú og það sem meira er um vert hvernig finn ég aftur stíga undursins? Ef ég trúi því að við séum firrtir staklingar[2] samfélags á hlaupum óttans og að mögulega séu til annarskonar veruhættir, hvernig má þá nálgast þá veruhætti? Ef ég efast um að margir deili skoðun minni og leiði aldrei hugann að vilja til frelsis frá fáguðu og ósýnilegu valdi eigin lagasetninga, hvernig er þá mögulegt að ferðast þaðan? Get ég verið hlutlaust vitni alls þess sem þegar er skrifað á auða blaðið – verið vitnið að ósjálfráða staklingnum sem heldur að hann sé sjálfráða? Get ég forðast það að læsast inní marglaga stýringu staklingsins?

Viðamiklar spurningar krefjast einfaldra lausna. Í ljósi þess hversu sjálfstýringin er djúpstæð og inngróin í samfélagsgerðirnar, held ég að hún verði ekki rofin nema á plani okkar sjálfra sem einstaklinga – með því að lifa

---

[1] Mennskan birtist hér í merkingunni hið sammannlega eða það sem manneskjan á sameiginlegt handan mannlegra skilgreininga og dóma.

[2] Hugtakið er komið úr smiðju Gilles Deleuze, en „Helsta einkenni þeirrar manngerðar sem Deleuze nefnir *stakling*, (ein)staklings stýringarsamfélaga, er að hin skýru mörk sjálfsemdar (sem einkenndi hinn sjálfráða og sjálfsprottna einstakling upplýsingarinnar og mannhyggjunnar) rofna: hið innra og hið ytra renna saman í eitt. Innstu þrár, langanir og sköpunargáfa staklingsins lúta rökvísi félagslegrar og menningarlegrar framleiðslu kapítalisma eftirnútímans.” Sjá: Hjörleifur Finnsson, „Ótti á tímum öryggis: Öryggisneysla og áhættustjórnun í eftirnútímanum“,*Hugur - tímarit um heimspeki*, 18. árgangur, 2006, bls. 136.

Mynd 1 Kyrrmynd úr myndbandsverki Magnúsar Sigurðarsonar, Occupy my innocence, 2012

breytinguna inní þeim kerfum sem við nú ferðumst í, hvort sem það er á vinnustað, heima í stofu eða inní hjartanu mínu.

Ef ég geng út frá því að ég sé af tagi rýmisins[3], hlýt ég óhjákvæmilega stöðugt að vera að skapa rýmið, að stunda listsköpun, að brugga seið. Ég spyr mig því - er það að vera, það að vera skapandi? Eilífur þátttakandi sem fyllir í eyðurnar af ábyrgð og ástríðu meðvitundarinnar um sköpun eigin lífs. Hreyfing í hverri andrá. Gerandi, verandi, verð andi.

Í rannsókn minni vil ég dvelja í þessum spurningum, gera tilraunir með mót vitundar og verundar og rannsaka hvort og hvernig megi nálgast þátttakandan – svo að brugga megi kærleiksríkan seið þar sem gefandi og þiggjandi mætist í

[3] Heimspekingurinn Maurice Merleau Ponty færði rök fyrir afnámi aðskilnaðar ytri heims og sjálfsveru - í krafti líkamans - sem hann segir að sé ekki í rými heldur tilheyri því og sé af tagi rýmisins eða heimsins. Reynslan af því hvernig snerting vinstri handar með hægri er gagnkvæm gerir það að verkum að rýmið verður þekkt gegnum líkamann. Greinarmunur hlutveru og sjálfsveru máist út eða fléttast saman í lifaðri reynslu og fræðileg afstaða kemur á eftir. Hinn skynjandi og hið skynjaða verður ekki aðgreint, við höfum aðgang að veruleikanum og hin vitandi vera uppgötvar að hún tilheyri lífheiminum sem kemur á undan henni sjálfri. Sjá: Merleau-Ponty, Maurice, „Formáli að Fyrirbærafræði skynjunnarinnar“, *Hugur:tímarit um heimspeki*, 20. árgangur, Reykjavík, 2008, bls. 113 -126.

eilífri hreyfingu alls sem er. Ég vil sökkva mér ofan í þverstæðu vitundar og verundar og afhjúpa átök andstæðra krafta sem þyrla undri í allar áttir, hin stöðuga hreyfing þar sem átökin skapa og endurskapa í sífellu. Ein hreyfing.

Samhengið sem ég ferðast um hvelfist um hið einstaka og hið almenna og byggir á hugtökum um frelsi, traust, þverstæðu, tvíhyggju, ímyndunarafl, tíma, rúm og afhjúpun. Hugtök eins og samstarf og þátttaka hafa ómað víðfeðmt á lendum listarinnar á undanförnum árum og mætti greina þar afkvæmi framúrstefnunnar með áherslu
sinni á sameiningu listar og lífs. Í rannsóknum mínum er þátttakan lykilþáttur en byggir á þátttöku einstaklings í eigin lífi og seiðkraftinum sem þar býr. Þannig birtist einstaklingur sem hinu almenna æðri – einstaklingurinn skapar samfélag og þátttaka hans í eigin lífi því undanfari þess samfélags sem hann skapar.

Mig langar að rannsaka það sem við finnum öll, en veitum ekki nægilega athygli - okkur sjálf - eða öllu heldur, okkar sjálf. Hvernig getum við komið til sjálfs okkar. Hvernig frelsum við andann sem býr okkur í brjósti en við höfum verið svo ötul við að firra okkur. Hvernig komum við á samtali? Og hver er samtalsvettvangurinn, gestgjafinn og gestirnir? Í hvaða rými mætast ólíkar skoðanir samfélagsins og er búið að skapa hinu óvænta rými á þeim vettvangi? Verkefnið sem blasir við mér er að skapa því sem ekki verður skilgreint meira rými, að endurvekja vettvang þar sem hið óþekkta sjálf á rými svo hægt sé að snúa aftur heim. Eða með öðrum orðum - svo leggja megi af stað aftur til móts við ástríðufullt samfélag mannlegra einstaklinga. Mér verður hugsað til Joseph Beuys með hlýju.

Þverstæðan

Liggur leiðangur manneskjunnar um stíga listarinnar? Með því að skoða lögmálin að verki í ferli sköpunarinnar, hlutverk ímyndunaraflsins og fagurfræðileg gildi vil ég athuga hvort að þátttaka sé lykillinn að leiðinni heim. Gæti verið að heimilisfangið sé að finna í eyðunni milli slátts eigin hjarta sem aldrei verður nefnt, hvað þá útskýrt, þar sem tengsl verundar og vitundar[4] birtast í dýnamísku ferli þverstæðunnar? Get ég verið og verið ekki – samtímis? Hvernig get ég valið ef valið er fyrirframgefið?[5]

Í ferðalaginu til móts við sjálfið langar mig að athuga hvort að grunnur sé til þess að hið einstaka fái aftur þann hljómgrunn sem það á tilkall til sem grunnur hins almenna og að frelsi margbreytileikans geti jafnvel leyst okkur úr höftum

---

[4] Heimspekingurinn Martin Heidegger setti fram tilgátu um það hvort að grundvallarsamband okkar við hluti og fólk þarfnaðist huglægrar reynslu. Hann komst að því að þegar fólk tengist hlutum var því ekki háttað eins og hugverur tengdar hlutum eða vitund tengd viðfangi. Vitund þurfti ekki nauðsynlega að koma við sögu. Hann benti á að við iðkun iðju gæti hugurinn verið víðsfjarri iðjunni og manneskjan sem stundaði iðjuna verið í samræðum um eitthvað allt annað samtímis iðjunni. Hann kallar þessa tegund hversdagslegrar leikni í viðfangi við hluti „frumskilning" og hluti sem þannig verða á vegi manns „við höndina" . Þannig sýnir Heidegger hvernig samband okkar við hlutina fjallar ekki um hugverur sem beinast að sjálfstæðum hlutum. Hann segir okkur ekki aðskilda frá einhverjum ótilgreindum ytri veruleika sem við viljum öðlast þekkingu á og ná sambandi við, heldur órofa þáttur alls og mitt á meðal alls. Þannig erum við ekki í neinni frummerkingu „skoðandi hugverur" eða „vitandi verur" heldur höfum við það sérkenni að vera starfandi verur, gerendur – eða jafnvel verandi verur, það sem Heidegger nefnir *das Sein* og ég nefni verund. Sjá: Bryan Magee, 1987, *Miklir heimspekingar. Inngangur að vestrænni heimspeki*, þýð. Gunnar Ragnarsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag,2002, bls. 269.

[5] Frelsishugtakið í heimspeki Gottfried Wilhelm Leibniz birtist mér sem boð inní besta mögulega heim allra mögulegra heima, eins og hann orðaði bústað mannanna, þar sem í boði er að treysta hinum fyrirframgefna samhljómi alls á sama tíma og að við veljum í hverri andrá athafnir okkar af ábyrgð. Þversögnin hjá Leibniz liggur í því hvernig val sé í boði í hinu fyrirframgefna. Í þessari þverstæðu Leibniz skynja ég frelsi manneskjunni til handa, sem í auðmýkt fyrir takmarkaðri þekkingarfræðilegri getu sinni er dæmd til að heiðra andann eða hinn fyrirframgefna samhljóm og velja af ábyrgð. Galdurinn liggur í því að heyra í andandum býst ég við – að heyra í sjálfi sínu. Sjá: Gottfried Wilhelm Leibniz, *Orðræða um frumspeki*, þýð. Gunnar Harðarson, Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag, 2004.

sérfræðinnar svo lífið sem heildstæð upplifun fái notið sín, svo mennskan fái notið sín. Einstaklingar byggja og skapa samfélag í sífellu, en einungis með því að taka ábyrgð á þeirri sköpun verði hreyfingin heiðruð og sköpunarkrafturinn virkur. Með því að svipta hulunni af einstaklingnum í hversdagsleika sínum sem seiðmanneskjunni sem stöðugt er að skapa eigin raunveruleika og samfélag mætti hugsanlega faðma undur alls sem er.

Eining tvenndarinnar

Í alheimi hinnar sífelldu hreyfingar birtast sömu mynstur fullkominnar sköpunar síendurtekið, hvort sem um vetrarbrautir, fellibyli eða erfðaefni mannskepnunnar er að ræða. Ég og þú. Við. Hið Eina. Tvenndin birtist úr hinu Eina. Allt sem er – hið fullkomna skipulag alheimsins birtist í margbreytileika hins Eina. Einingin - heild þess sem er. Sköpun er leið heildarinnar til þess að mæta sjálfri sér, þar sem hið Eina varpar sér út fyrir sjálft sig í rannsókn. Hið Eina skoðar sig í spegli og birtir sig í tvenndinni þar sem hvert eintak er einstakt – ólíkt hinu en samt hið sama og þó ekki einsleitt – alveg einstakt. Hið Eina er nú orðið tvennd. Skynjun aðskilnaðar og annarleika við þessar aðstæður getur verið afar sannfærandi þrátt fyrir að vera eitt og hið sama með órjúfanlega tengingu við allt sem er. Mót tvenndarinnar, bilið, er óþekkt. Hið þriðja. Það er hvorki þetta né hitt heldur ný sköpun hins Eina. Þarna birtist undrið – barnið sem hvorki er móðir þess né faðir – undur hins Eina. [6]



Mynd 2 Gullinsnið

Vesica Piscis eða þverstæðan

Á mótum tvenndarinnar birtist mér bústaður sköpunarinnar. Hið fyrsta form sköpunarinnar þaðan sem margbreytileiki hins Eina sprettur, stundum nefnt Vesica Piscis. Vesica Piscis mætti kalla stað undursins, stað alls hins áður óþekkta,

[6] Robert Lawlor, *Sacred geometry, philosophy and practice*, Thames and Hudson, London, 1982.



Mynd 3 Vesica Piscis eða sniðmengi

svæðið þar sem heilagur seiður er stöðugt bruggaður eða í beinni þýðingu, sundmaginn. Formið, Vesica Piscis, birtist við skörun tveggja hringlaga forma sem breiður táknheimur aldanna byggir mynd sína á. Fjallað hefur verið um formið eða *bilið* sem birtist við þessa skörun sem mót hins guðlega heims og hins veraldlega, sameiningarstað gyðja og guða, tákn fyrir Jesú Krist, móðurkvið auk þess að vera grunnform heilagrar geómetríu.[7]

Hugsanlega má líta svo á að þetta svæði hafi verið uppspretta sannleiksleitar mannkyns sem í blekkingu aðskilnaðarins nam ekki mátt þverstæðu tvenndarinnar. Notkun hugtaksins tvíhyggja virðist á misskilningi byggð við þessar aðstæður. En tvíhyggjan er raunveruleg og grundvallarþáttur í allri menningu og „[a]nnarleikinn eitt af grundvallarhugtökum mannlegrar hugsunar."[8] Við búum við kerfi andstæðna. En hvernig föðmum við tvíhyggjuna til móts við samveruna – þar sem parið er „[...] heild þar sem hvorug forsendan getur án hinnar verið."[9] Fjölmargir heimspekingar hafa numið staðar við þessi mót og greint út frá ólíkum sjónarhornum en mín tilfinning er sú að listin hafi ávallt búið þar og listamenn dvalið þar langdvölum sífellt.

Heimspekingurinn Edmund Husserl birtir þessa skörun þegar hann fjallar um samþættingu visku og þekkingar - til móts við *bilið* á milli þess sem við getum vitað eitthvað um og þess sem þekkingin færir okkur ekki. Hann birtir okkur svið sem er að verki í veruleika okkar, sem er til staðar, óyfirvegað og kemur á undan fræðunum. Hann segir vitundina sjá inní veruleikann sjálfann og starfsemi hennar þar með koma á undan hvers kyns yfirvegun eða fræðilegum sjónarhornum. Í ljósi

---

[7] Robert Lawlor, *Sacred geometry, philosophy and practice*, Thames and Hudson, London, 1982.

[8] Simone de Beauvoir: „Hitt kynið – Inngangur." *Simone de Beauvoir, heimspekingur, rithöfundur, femínisti*. Irma Erlingsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir ritstýrðu. Rannsóknarstofa í kvennafræðum, Háskólaútgáfan, 1999, bls. 29.

[9] Simone de Beauvoir: „Hitt kynið – Inngangur.", bls. 33.

innsæis vitundarinnar sem nemur hlutina í beinu milliliðalausu sambandi vill Husserl birta okkur samhengið á milli sjálfsveruleika og heims. Heimspekingurinn Martin Heidegger talaði um verugleymsku - sem birtist í hlutgervingu vestrænnar hugsunar. Hann taldi manneskjuna fyrst og fremst vera athafnaveru og þátttakanda í heiminum. Hann taldi að því ákafar sem maðurinn reynir að ná tökum á veruleikanum með fræðilegum hugtökum og tæknilegum aðferðum, þeim mun fjarlægari yrði hann verunni sjálfri.[10] Søren Kierkegaard

> *Í spurn ferðast ég um eilífu átakasvæðin mennskunnar. Einhvern veginn grimmari en þau sem hin dýrin ferðast um. Þar sem átökin eru heiðarleg leið til að lifa af. Ekki græðgi. Ekki keppni. Hreyfing. Líf. Dauði. Heilög fyrirbæri í alheimi.*

ferðaðist stöðugt í rannsóknum sínum á þessum mótum tvenndarinnar og næmi hans fyrir hreyfingunni „á staðnum" í skapandi endurtekningu þverstæðunnar er að mínu mati gjöf. [11] Í verki sínu *Ugg og ótta* boðar Kierkegaard „þögn" og skírskotar þar til þess að ekki sé hægt að skýra allt með orðum. Í verki sínu er hann að greina tengsl manns og guðs. Þetta gerir hann ekki með skilgreiningar í huga heldur vill hann skapa því sem ekki verður skilgreint meira rými. Kierkegaard vísar til fjarstæðunnar í viðleitni sinni til þess að finna hinum einstaka einstakling stað sem verandi hinu almenna æðri, eða einstök birtingarmynd hins Eina:

> Trúin er einmitt sú þverstæða að hinn staki er hinu almenna æðri. Hann er í rétti sínum andspænis því, ekki undir það seldur, heldur yfir það hafinn, - reyndar þó þannig að einstaklingurinn, sem eftir að hafa verið undir hið almenna seldur einn og sér, verður nú vegna hins almenna einstaklingurinn sem einn og sér er yfir það hafinn; einstaklingurinn stendur sem hinn staki í algjöru sambandi við hið algjöra. Við þessa afstöðu verður engri miðlun við komið, því að ferli miðlunarinnar fer fram í krafti hins almenna. Þetta er og verður að eilífu þverstæða sem hugsunin hefur engan aðgang að.[12]

---

[10] Nils Gilje og Gunnar Skirbekk, 1987, *Heimspekisaga,* þýð. Stefán Hjörleifsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999, bls. 707-712.

[11] Søren Kierkegaard, *Endurtekningin*, þýð. Þorsteinn Gylfason, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 2000.

[12] Søren Kierkegaard, *Uggur og ótti.* Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 2000, bls. 122.

Þarna upplifi ég Kierkegaard teikna skörunina eða *bilið* af einstöku næmi þegar hann birtir trú sem þverstæðu, sem stödd er úti við endamörk hins skynsama þar sem við gefum okkur í hendur guðs eða öllu hinu óþekkta, full trausts án vissu. Þar nem ég möguleikann á að tengjast óendanleika guðs í gegnum óendanleika sjálfra okkar sem við getum aldrei komið okkur fyrir sjónir, en verðum að treysta í nafni undursins.

Þverstæðan og list þátttökunnar

Listrannsókn eða rannsókn? Er spurningin um mun þar á hugsanlega mótsögnin sem ég er að takast á við? Er afmörkun sérfræðinnar í hinni hefðbundnu vísindalegu rannsókn jafnvel ein birtingarmynd aðskilnaðar tvíhyggjunnar sem hugsanlega leysist upp í margbreytilegri nálgun listanna? Hefur listin tekist á við þá ábyrgð sem hún felur í sér ef gengið er út frá því að við séum af tagi rýmisins?

Þýski listamaðurinn Joseph Beuys virðist endurróma trúarjátningu heimspekingsins danska, af ábyrgð, með hugtökum listarinnar:

> Einungis með róttækri útvíkkun hugtaksins mun það verða mögulegt fyrir listina og og listtengdar athafnir að færa sönnur á að listin er nú hið eina afl þróunar og byltingar. Einungis listin er þess megnug að rífa niður þjakandi áhrif hrums samfélagskerfis sem heldur áfram að skjögra meðfram dauðastundinni: að rífa niður með það að markmiði að byggja SAMHANGANDI LIFANDI HEILD SEM LISTVERK.
>
> Þessi nútímalegasta listgrein – Samfélagsskúlptúr / Samfélagsarkitektúr – mun einungis bera ávöxt þegar hver einasta lifandi manneskja verður skapari, skúlpúristi eða arkitekt hinnar lifandi heildar. Einungis þá myndi krafan um þátttöku í listformum Fluxus og gjörninga verða uppfyllt; einungis þá myndi lýðræðið verða raunverulegt. Einungis sköpun listar sem aflavaka byltingar upp að þessu marki getur breyst í pólitískan aflvaka, á ferð um hvern einstakling og mótandi söguna.[13]

Þátttökulistin hefur verið ríkjandi í víðum skilningi í listsköpun undanfarinna ára. Listfræðingurinn Claire Bishop greinir list þátttökunnar lútandi á einn eða annan hátt eftirfarandi markmiðum:

---

[13] Joseph Beuys: „I am Searching for Field Character" í Carin Kuoni, ed., *Energy Plan for the Western Man: Joseph Beuys in America*, New York, Four Walls Eight Windows, 1990, bls. 21. Þýðing höfundar.

„... löngun til þess að skapa virkan einstakling sem finnur til eigin krafts með reynslu af líkamlegri eða táknrænni þátttöku. Vonin er sú að hinn nýfrelsaði einstaklingur þáttökunnar muni öðlast færni til að ákveða eigin félagslegan og pólitískan raunveruleika. Fagurfræði þátttökunnar finnur sér því grunn í (þrá eftir) orsakatengslum upplifunar listaverks og meðvitundar einstaklings eða samfélags...

... viðleitni til að afsala sér höfundarrétti að hluta til eða að öllu leyti er að venju álitið fela í sér aukið jafnrétti og vera lýðræðislegra en verk staks listamanns, auk þess sem framleiðsla samstarfsverka eru álitin bjóða upp á fagurfræðilega kosti aukinnar óvissu og minni útreiknanleika. Sköpunarverk sem spretta úr samstarfi eru þar með álitin myndast úr og skapa jákvæðara samfélagskerfi jöfnuðar..."

Endurbygging samfélagstengsla með sameiginlegri skilgreiningu á merkingu samfélags er einn af drifkraftinum bak þátttökulistar í hringiðu samfélagskreppu og skorti á samábyrgð í kapítalísku samfélagi. Þráðurinn liggur um Marxíska hugsun firringar og einangrandi áhrifa kapítalisma.[14]

Af þessu má greina þrjú meginstef drifkrafts þátttökulistarinnar; virkni einstaklingsins, höfundarrétt og samfélag eða jafnvel svar og spegil við þróun neyslumenningar og einstaklingshyggju. Þátttakan er þó tvíbent því að hin sama neyslumenning hefur fyrir löngu nýtt sér hinn skapandi mátt við sölu hvers kyns varnings og upplifana og fengið til liðs við sig almenning sem listfræðingurinn Nicolas Bourriaud veltir fyrir sér hvort að megi líta á sem *aukaleikara* eða *extras* á máli skemmtanaiðnaðarins í anda vangaveltna Guy Debord, upphafsmanns Situationist International.[15] Og önnur birtingarmynd hins sama er ruglingsleg hugtakanotkun þar sem hugtökin list og sköpun birtast sem eitt afl sköpunariðnaðarins – hinna svokölluðu skapandi greina. Hinar samfélagslegu vangaveltur virðast ekki mega sín mikils í heimi kapítalísk *skemmtanaiðnaðar* en auk þess má setja spurningamerki við hvort ekki sé um blekkingu að ræða þegar viðleitni er til að afmá höfundinn. Verður höfundurinn afmáður? Og ef svo er, hver

---

[14] Claire Bishop: Introduction/Viewers as Producers, í *Participation*, Whitechapel, London, The MIT Press, Cambridge, Massachusetts, 2006, bls. 12.

[15] Claire Bishop : „The Social Turn : Collaboration and Its Discontent" í *Artificial Hells. Participatory Art and the Politics of Spectatorship*, London, New York, Verso, 2012, bls. 11-40.



Mynd 4 Kort Guy Debord frá 1957, The Naked City. Dérive eða flæði átti að virkja einstaklinga til þess að upplifa umhverfi sitt á nýjan hátt, þar sem estetík og undirmeðvitund væru vegvísarnir.

tekur þá ábyrgð á verkinu?

Bishop bendir á að sjónarhornið sem birtist virðist oft vera á forsendum þátttökunnar fremur en forsendum listarinnar þar sem hið samfélagslega virðist liggja undir og verkin metin út frá samfélagslegum forsendum fremur en hinu listræna.[16] Hvort að rætur þessa í þátttökulistinni liggi um upphafið, þegar Dadaistar fluttu viðburði sína út úr sölum kabarettstaða og inní stræti Parísarborgar í kringum árið 1920 með það að markmiði að virkja hinn almenna borgara, skal ég ekki segja um. Staklingurinn birtist mér þarna skýrt, en þátttökulistin hefur lengst af hverfst um tengsl listar og lífs á einn eða annan hátt. Á 6. og 7. áratugnum má greina hversdagslífið finna sér birtingarform í listinni i veitingasölustað listamannsins bandaríska Gordon Matta-Clark, pólistíkum umræðum Joseph Beuys, ferðaskrifstofu Christo og Jeanne-Claude eða í bjórdrykkjuverki hins bandaríska Tom Marioni. Á níunda áratugnum má segja að

[16] Claire Bishop : „The Social Turn : Collaboration and Its Discontent“ í *Artificial Hells. Participatory Art and the Politics of Spectatorship*, London, New York, Verso, 2012, bls. 11-40.

þátttökulistin hefji sig til flugs með veganesti forrennara sinna í farteskinu ásamt spurningum um á hverju þátttaka byggist.[17] Brunnur Guy Debord, upphafsmanns Situationist International er þar aldrei langt undan en árið 1967 lýsti hann samfélaginu með eftirfarandi orðum:

> 1. Í samfélögum þar sem framleiðsluhættir nútímans eru við lýði, birtist allt líf sem gríðarleg uppsöfnun sjónarspils (e. spectacle). Allt það sem raunverulega var upplifað hefur vikið fyrir eftirmyndinni.
>
> 2. Myndirnar sem gripnar eru frá öllum hliðum lífsins blandast í almennan straum þar sem eining þessa lífs verður ekki endurfundin. Raunveruleikinn sem tekin er afstaða til í bútum birtist, í eigin almennu einingu, sem aðskildur gerviheimur, hlutur sem skoða má. Sértækar myndirnar af heiminum renna saman í fullkomnun í heimi hinnar (ó)sjálfráðu myndar, þar sem lygarinn hefur logið að sjálfum sér. Hinu raunverulega lífi er snúið á hvolf, hið almenna sjónarspil verður að sjálfkrafa straumi hinna ekki-lifandi.
>
> 3. Sjónarspilið birtir sig samhliða sem samfélagið í heild, sem hluti samfélagsins, og sem tól einingar. Sem hluti af samfélaginu er hann sérstaklega sá geiri sem hleður allt áhorf og alla meðvitund. Sökum þeirra staðreyndar að þessi geiri er aðskilinn, er þetta almennur bústaður hins blekkta augnaráðs og falskrar meðvitundar, og einingin sem hún hefur í för með sér er ekkert annað en opinbert tungumál almenns aðskilnaðar.[18]

Bishop veltir upp hvað verði um estetíkina[19] í þessu umhverfi og leggur áherslu á mikilvægi hins estetíska þáttar listarinnar. Ég tel að leiðin til estetíkunnar í þátttökunni liggi um þátttakandann sjálfan og hvíli í honum, estetíkin verandi

listin sjálf sem „... dvelur í sjálfri sér án markmiðs né tilgangs, og mögulega

---

[17] Claire Bishop: Introduction/Viewers as Producers, í *Participation*, Whitechapel, London, The MIT Press, Cambridge, Massachusetts, 2006, bls. 10.

[18] Guy Debord, *The Society of the Spectacle*, þýð: Fredy Perlman og Jon Supak, Black & Red, 1970.

[19] Ég nota hér orðið estetík fremur en fagurfræði þar sem ég tel hugtakið fagurfræði birta bjagaða merkingu í ætt við þá sem Bishop er að gagnrýna þegar hún vísar í uppruna orðsins fagurfræði í orðinu *aisthesis* sem sjálfráða skynjun sem verður ekki greind með rökum, skynsemi eða siðferði. Sjá: Claire Bishop : „The Social Turn : Collaboration and Its Discontent“ í *Artificial Hells. Participatory Art and the Politics of Spectatorship*, London, New York, Verso, 2012, bls. 18.

aðgengileg öllum."[20]

Hér birtist mér þverstæðan skýrt. Samfélagssþátttakan virðist mér ekki geta staðið sem grundvallandi þáttur í list þátttökunnar þar sem estetíkin er eini mögulegi krafturinn til hreyfingar - estetíkin verandi af tagi þátttakandans eða einstaklingsins. Vægið sem samfélagsþátttakan hefur hlotið endurspeglar fyrir mig vanda *staklingsins* sem býr við að „...langanir og sköpunargáfa lúta rökvísi félagslegrar og menningarlegrar framleiðslu kapítalisma eftirnútímans."[21] Hið opinbera tungumál aðskilnaðarins er inngróið í staklinginn alveg laust við estetík – estetíkina sem birtir okkur upplifunina, þar sem hið ægifagra eða súblíma hefur verið tengt óendanlegri stærð og krafti. Hvar liggja mörkin milli náttúru og manns? Eða samfélags og manns? Við upplifun hins ægifagra gufa mærin upp og skynjun af einingu alls sem er verður ráðandi.

> *Fegurðin meikar sens og ég finn hana þegar ég stend andspænis undrinu. Fegurðin er undrið. Fegurðin birtist í hreyfingunni - í miðjum átökunum - þegar samspil hins hvíta og hins svarta birta endalausa hreyfinguna þar á milli. Samspil.*
>
> *Kærleiksrík átök andstæðra krafta - þyrla undri í allar áttir - stöðug hreyfing þar sem átökin skapa og endurskapa í sífellu. Ein hreyfing.*

Heimspekingurinn Luce Irigaray nemur blekkinguna og leitina að verunni *utan að komandi* og undrast: „ ... hvers vegna hefur maðurinn ímyndað sér að lykillinn að hinni glötuðu hamingju, að hinni óloknu blómgun, væri að finna í menningu hans, í þjóð hans, heimili hans eða tungumáli, og ekki í þroska sem enn á eftir að ná?" og ég undrast með Irigaray þegar hún spyr:

> Hvers vegna, umfram allt, hefur maðurinn valið frammistöðumenningu, þekkingar, stjórnunar, ... og ekki menningu þess sem er með, sem talar við; það er menningu tengsla við hinn? Hvers vegna hefur maðurinn fórnað miklum hluta sjálfs sín til slíkrar menningarlegrar afstöðu? Hvers vegna hefur maðurinn útskúfað ástúð, ástríðu og jafnvel lífinu sjálfu fyrir

---

[20] Claire Bishop : „The Social Turn : Collaboration and Its Discontent" í *Artificial Hells. Participatory Art and the Politics of Spectatorship*, London, New York, Verso, 2012, bls. 27.

[21] Hjörleifur Finnsson, „Ótti á tímum öryggis: Öryggisneysla og áhættustjórnun í eftirnútímanum", *Hugur - tímarit um heimspeki*, 18. árgangur, 2006, bls. 136.



Mynd 5 Vinnuferli Slíjm sf.

þekkingarfræðilega getu? [22]

Náttúran færir okkur tilfinningu mikilfengleikans og óendanleiki náttúrunnar umvefur okkur ekki eingöngu heldur býr í okkur og skapar við það tilfinningu einingar þar sem undriblönduð auðmýkt er ráðandi tilfinning. Að vera eitt með náttúrunni, ekki áhorfandi heldur þátttakandi – ekki í náttúrunni, heldur af tagi náttúrunnar. Hvorki staður né skynjandi búa við skörp skil, hvor um sig blandast hinu og mynda eina alltumlykjandi upplifun.[23]

> *Í þverstæðunni finn ég alla fegurðina birtast. Þverstæðan sem verður ekki fönguð í krafti þess að hún er þverstæðan. Fegurðin í sjálfri sér. Allt hið óútskýranlega rúmast í henni og hefur verið nefnt hið háleita, hið ægifagra. Hið ægifagra birtist á sama tíma og takmörkuð þekkingarfræðilega geta mannskepnunnar. Hið ægifagra tilheyrir flokki fagurfræðinnar í mannheimum. Í hinu ægifagra á frelsið heima. Þar má búa og þar er búið.*

---

[22] Luce Irigary, *Teaching*, Continuum International Publishing Group, London, 2008, bls. 221.

[23] Arnold Berleant, „The Aesthetics of Art and Nature" í *The Aesthetics of Natural Environments*, ritstjórar Allen Carlson og Arnold Berleant, Broadview press, 2004, bls. 76-87.

Þátttakan og aðferðin

Getur verið að það finnist ekkert rétt svar? Hugsanlega mörg rétt svör og mörg röng svör, en ekkert eitt rétt svar? Ég vil sökkva mér ofaní upplifunina sjálfa – í þeirri trú að leiðin heim liggi um upplifun og þátttöku hvers einstaklings, langar mig að ferðast á lendum heildarinnsetninga. Með inngripi í hið daglega, hið hversdagslega, má hugsanlega fletta hulunni af undrinu sem þar býr. Hreyfingunni eilífu sem við sköpum í hverri andrá og er hvorki rétt né röng. „Tilveran, sem er til, verður nú til"[24] sagði Kierkegaard og benti auk þess á að hver kynslóð þyrfti að taka verkefnið alvarlega - enduruppgötvunina.[25] Svo lengi sem hjartað slær mun kvaðningin hljóma. Og við höfum val um að vera eða verða – val um stöðnun eða hreyfingu. Sem þó er ekkert val því hreyfingin er stöðug. Þverstæðan birtist í sífellu.

Þátttakandinn

Tré fellur í skógi. Þú sérð það ekki falla en kemur að því. Kom hljóð er tréð féll? Svarið er nei. Ef þú heyrðir það ekki verður hljóðið ekki til. Aðeins hljóðbylgjurnar. Hljóðið er ekki til fyrr en hljóðhimnan tekur á móti hljóðbylgjunum. Þátttakanda er krafist. Hringrás vitundar og verundar skapar hljóðið saman.

---

[24] Kierkegaard, Søren. *Endurtekningin*, þýð. Þorsteinn Gylfason, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 2000, bls. 80.

[25] Kierkegaard, Søren. *Uggur og Ótti*, þýð. Jóhanna Þráinsdóttir, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 2000.

Ritlistin er sameiginleg sköpun ritanda og lesanda – bók verður ekki til fyrr en lesandi hefur lesið hana. Þegar bylgjur orða ritandans rekast á skynhimnu lesandans skapast verkið. Hið þriðja. Á milli ritandans og lesandans skapast rými fyrir leik ímyndunaraflsins. Með því að virkja stöðvar lesandans til að endurskapa heim textans birtist óáþreifanleg vídd textans sem aldrei er þekkt fyrirfram og er ekki gjöf textans né gjöf ímyndunarafls lesandans heldur sameining beggja. Þessi samruni „ ... stendur fyrir uppfyllingu möguleikanna, ótjáðan raunveruleika textans ..."[26] eða „ ... raunverulegt innihald sjálfs textans"[27] Margræðar víddir bjóða eyður og óvæntar leiðir í texta sem birta okkur vitund um okkar eigin hæfileika til þess búa til tengingar og taka ábyrgð á hvernig við viljum fylla í eyðurnar. Með því að velja „ … viðurkennir maður óendanleika textans; og á sama tíma er það þessi sami óendanleiki sem kveður á um að maður taki ákvörðun." [28] Þverstæðan er augljós. Ef að framvinda bókar er ljós, skapast engin spenna né þátttaka við lesturinn og lesandinn leggur hana frá sér. Hið óvænta, brostnar væntingar, halda lesandanum föngnum við sköpun verksins í stöðugri verðandi merkingarleitandans. Hreyfingin er alsráðandi drifin áfram af ástríðu sköpunarinnar og framvindan birtist á ný í sífellu.[29]

Hvernig er þetta í samfélagi? Þarf samfélagsgerð óhjákvæmilega að innihalda rými óvissunnar svo óþekktir möguleikar geti birst og þátttaka sé tryggð í samfélagsvettvangnum? Ef rýmið ímyndunaraflsins væri ekki í boði gripi um sig leiði og ábyrgðinni á sköpuninni væri ýtt til hliðar í þátttökuleysi sem hefði í för með sér hrun lýðræðisvettvangsins þar sem að hugtakið lýðræði deyr ef ekki er um þátttöku lýðsins að ræða. – Eða hvað heldur þú?

---

[26] Wolfgang Iser. "The Reading Process: A Phenomenological Approach". Í: *Contemporary Critical Theory*, Ritstjóri Dan Latimer, bls. 439. (þýðing höfundar)

[27] Sama rit, bls. 437. (þýðing höfundar)

[28] Sama rit, bls. 440. (þýðing höfundar)

[29] Sama rit.



Mynd 6 Vinnuferli Slíjm sf.

Lýðræði hefst á milli tveggja er nafn á bók heimspekingsins Luce Irigaray. Hverjir eru þessir tveir? Er það ég og hinn eins og Irigaray er að nálgast það, eða ég og vitund mín? Getur verið að í vitund minni liggi grunnurinn að möguleikanum á skapandi samskiptum við alla hina? Í nútímasamfélagi kapítalisma og framleiðni er ekki mikið svigrúm til að hitta sjálfan sig fyrir. Flestir lifa í skilafresti samfélagskerfanna sem við erum stöðugt að skapa og lítið er staldrað við. Ábyrgðinni á hlaupunum er vísað á samfélagskerfin, að því er virðist án þess að gangast við því að ábyrgðin á samfélagskerfunum hvílir hjá okkur mannfólki. Hinn einstaki einstaklingur hefur ekki numið staðar sem verandi hinu almenna æðri líkt og Kierkegaard biðlaði um með teikningu sinni af þverstæðu trúarinnar.

Í rannsóknum mínum vil ég skapa vettvang þar sem fólki er boðið að koma og vera. Ég vil skapa aðstæður þar sem fólki er boðið út úr hlaupunum inn í rými þar sem það fær sjálft að taka ábyrgð á því hvað það upplifir. Verkefnið miðar að því að bjóða í aðstæður þar sem hljóðlega með einum eða öðrum hætti er vísað í alheimskrafta, hvort sem um sjávarföll, goðsögur eða stjörnuhimininn er að ræða. Ekki er boðið upp á „afþreyingu" líkt og Debord gagnrýnir, eða aðstæður þar sem viðkomandi er „mataður" af upplýsingum. Öllu heldur er leitast við að leggja upplifun atburðarins eða staðarins í hendur einstaklingsins sjálfs – að

einstaklingurinn fái möguleika til þess að taka ábyrgð á eigin upplifun, í trausti til sjálfsins. Aðstæðurnar ættu helst að bjóða einhvers konar stefnumót við sjálfið. Vísun í alheimskrafta byggir á því að vísa til þess að við mannfólkið erum hluti af þessum alheimskröftum sem virðast í tæknivæddum heimi hafa skroppið undan meðvitund okkar. Forfeður okkar lutu þessum kröftum í mun meira mæli og voru hluti af hringrás og hreyfingu alheimsins.[30] Nútímamanneskjan hefur hins vegar að einhverju leyti tapað þessari tengingu, þar sem önnur öfl hafa tekið yfir eins og tilvistarspekingurinn Kierkegaard bendir á þegar hann lýsir því hversu hljóðlega menn glata sjálfinu:

> Það verður ekki mikið uppnám yfir því í heiminu; því sjálfið er það sem minnst er spurt um í heiminum og er það sem hættulegast er að sýna að maður hafi. Hin mesta hætta, það að glata sjálfum sér, getur gerst í heiminum svo hljótt sem ekkert væri. Ekkert annað tjón getur farið jafn hljótt; öllu öðru sem við glötum, svo sem handlegg, fæti, fimm dölum, eiginkonu o.s.frv. tekur maður þó eftir.[31]

Verkfærin sem ég vil nota vísa til alheimskrafta að störfum sem birta hina stöðugu hreyfingu. Sjávarföllin birta okkur kraft sem í sífellu birtir hreyfinguna. Flóð og fjara, andardráttur hafsins. Hjartslátturinn sem birtir okkur alheiminn. Sem í hinu stóra svo í hinu smáa. Af tagi rýmisins birtum við alheimskraftana í sífellu verandi kraftur. Ég anda inn og ég anda út. Ég vil nálgast kraftana í hinu hversdagslega með hljóðlegri afhjúpun. Birta það sem blasir við en við tökum ekki eftir. Svipta hulunni af hinu almenna til að nálgast hið einstaka. Tilraunirnar sem birtast mér eru af margvíslegum toga, en spurningin er hvort þær verki á einstaklinginn. Það mun einungis birtast með gjörðinni enda lýsingarháttur nútíðar þess eðlis að hreyfingin verður ekki virk fyrr en ég er gerandi og mæti eigin rannsókn í þátttöku.

---

[30] Björn Jónsson, *Stjarnvísi í Eddum*, Bókaútgáfan Skjaldborg, Reykjavík, 1989.

[31] Søren Kierkegaard, „Sygdommen til døden", *Samlede Værker*, Gyldendal, København, 1962-1964, bindi 15, bls. 90.



Mynd 7 Slíjmböð og Náðarbrunnar við Gróttu, ágúst 2013.

Atburðir Slíjm sf. [32]

Í fyrri verkum hef ég nálgast verkefnið með ólíkum hætti. Hafið er oft nálægt sem vísun í undirmeðvitundina eða sem boð í að nálgast hið hulda mót afhjúpun. Móðurkviður spilar stórt hlutverk, hið áðurnefnda *Vesica Piscis*, en teikning af skörun tveggja hringlaga forma birtast óvænt við flóð og fjöru við Gróttuvita auk þess sem myrkrið og nóttin bjóða ferð um tómið sjálft, stað sköpunarinnar.

Á fjöru opnaði faðmurinn í fræðasetrinu við Gróttuvita í þrjá daga. Goðsögulegir gullmolar úr gnægtarbrunni Joseph Campbell voru á boðstólnum auk alheimskrafta sjávarfallanna sem fengu að stýra opnunartíma og vísuðu í annan slátt en úrverkið nútímamannsins. Dáleiðandinn Magna Birnir færði gesti undir yfirborðið á sunnudegi himnunnar og hafsins. Hljóðlega var gestum boðið að hitta sjálfa sig fyrir samhliða því að hitta fyrir kraftana sem eru að störfum í öllu og öllum, marglaga. Atburðurinn varð lærdómsríkur. Goðsögulýsingar Campbells svifu hljóðlega um tjaldið í Fræðasetrinu í Gróttu með vísun í goðsöguna sem teiknimynd af hinu mannlega eðli – mennskunni sem goðsögurnar birta. Í öðru húsi í Gróttu, var

[32] Verk mín hafa öll birst undir merkjum fyrirtækisins Slíjm sf. sem var stofnað af undirritaðri ásamt Eddu Kristínu Sigurjónsdóttur þann 29. febrúar 2012. Verkin eru unnin í kærleiksríkum átökum ásamt öllum þeim sem slímast með. Verkefnið leitast við að heiðra það að lifa verkefnið - list sem viðhorf – en á myndum á facebook síðu fyrirtækisins má betur glöggva sig á því. Sjá: Facebook/Slíjm sf.



Mynd 8 Alheimsatburður á vetrarsólstöðum 2012, Slíjm sf. í samstarfi við Hrafnkel Sigurðsson.

boðið upp á veitingar og samtal. Andstæður þess sem fór fram í húsunum tveimur helgina þá birtu andstæða krafta og andstæða næringu. Annars vegar samtal og hins vegar einveru. Gestir fengu stund með sjálfum sér og spurn með sjálfum sér sem hetju goðsögunnar sem var miðlað áfram í samtali í veitingarými.

Á vetrarsólstöðum 2012 bauð Slíjm sf. í alheimsferðalag þar sem í boði var að gangast við hreinsunargöngunni sem við ferðumst í. Gestum var boðið að ganga í gegnum Öskjuhlið í Öskjuhlíð og kveikja ljós alheimsins í hjartanu þegar í gegnum hliðið var komið. Ljósið mátti svo staðsetja að vild í stjörnuhimninum sem búið var að spegla í hlíðina með litlum ljósum. Hugmyndin er sprottin úr ferðalaginu um völundarhúsið, þar sem tekist er á hendur hreinsunarferð mót innsta kjarna. Við íhugun varð augljós samhljómurinn við leiðangurinn sem við öll erum í, og þar með að völundarhúsið er nú þegar mótað alltumlykjandi hið innra sem hið ytra, að ofan sem að neðan í takti himintunglanna og alheimskraftanna. Staðsetning atburðarins vísaði í form *Vesica Piscis* eða móðurkvið, en alltumlykjandi myrkrið í miðri hringiðu lýsandi umferðaræða jólaasans undirstrikaði og dró fram teikninguna af hljóðum kjarna miðju völundarhússins. Gestirnir eða þátttakendurnir stóðu í miðri jólaösinni í myrkri og þögn og boðið var upp á stund með sjálfum sér. Víða mátti skynja þátttakendur sem allþakkláta fyrir



Mynd 9 Alheimsatburður á vetrarsólstöðum 2012, Slíjm sf. í samstarfi við Hrafnkel Sigurðsson.

þetta sjónarhorn á jólaasann og samfélagið og veru þeirra og þátttöku í samfélagi og alheimi.

Í Næturvarpi sem fyllti RÚV af myndbandslist um nótt má greina þessi sömu stef. Hið einstaka og hið almenna mætist þegar einstaklingurinn heima í stofu sest inní almannarými menningarmiðstöðvarinnar RÚV og ferðast inní óræðan heim sem listin býður mót ímyndunarafli Sjálfs. Hið augljósa er afhjúpað, sjónvarpsskjárinn sem sjónmiðill tilvalinn til listsýninga og listin teygir sig út fyrir mörk skilgreindra ramma listastofnana. Þar með er skorið á skilgreiningagleði nútímans og afmörkun og þeir sem hugsanlega hafa ekki áður numið skilgreinda tengingu við listina fá möguleika á að hitta fyrir list utan rammans sem hugsanlega var læstur. Óræði listarinnar birtist og býður mótvægi við mældan og rökvissan kerfisheim samfélags - býður í jafnvægisdans. Móðurkviður í RÚV næturinnar opnar sköp sín fyrir hinn einstaka einstakling heima í stofu.

Mynd 10 Næturvarp, myndbandslist í RÚV, frá nýju tungli að fullu 30. janúar – 14. febrúar 2014. Slijm sf. í samstarfi við Önnu Hrund Másdóttur, Ingibjörgu Sigurjónsdóttur o.fl. | Kyrrmynd úr myndbandsverki Ásdísar Sifjar Gunnarsdóttur, Kingdom of you, 2004.

Skapandinn

Býr virkni og hreyfing lífsins í þátttökunni? Ef við getum sammælst um líkt og við skoðuðum hér að ofan, að bókverk verði einungis til með þátttöku hlýtur af því að leiða að við mannfólkið séum einungis sem þátttakendur í eigin lífi, raunverulega á lífi. Lifandi og stöðugt skapandi á mótum alls þess sem dynur á skynhimnu okkar. Með því að vera vitni að eigin vitund mætti skapa rými hins óþekkta svæðis þverstæðunnar. Þar mætti glitta í mannveruna sem verandi fyrst og fremst skapandi veru. Fyrirframgefnum hugmyndum og gildum er slegið á frest, líkt og þegar óvænt eyða birtist í bókverki, og sjónarhornin fá rými til að birtast. Vitni óháð fyrirframgefnum dómum hefur allt rými ímyndunaraflsins til þess að ferðast um.

Ímyndunaraflið er tilvalið afl til sköpunar. Kostir þess felast í þeim dásamlega eiginleika að vera hvorki sannleiks- né markmiðsmiðað, að vera stöðugt haldið út í óvissuna. Þetta skapar svæði tilrauna og óendanlegra möguleika þar sem myndhverfingin eða metafóran á heima, metafóran sem glæðir

fyrirbærum eiginleikum sem þeir innihalda ekki í bókstaflegri merkingu. Myndhverfingin lýsir upp hið skapandi ferli og birtir nýtt sjónarhorn á fyrirframþekkt fyrirbæri. Ferlið stýrir svo áframhaldandi sköpun með þátttöku hinnar merkingarleitandi veru og dýnamískt ferlið blómstrar. Ímyndunaraflið og metafóran birta rými hreyfingarinnar – stað sköpunarinnar. Hugsanlega gætum við ímyndað okkur eigin veruleika og þar með skapað áður óþekktan heim – jafnvel heim ástríðufullra möguleika.[33]

Dýnamísk sköpun verður einungis virk ef tillit er tekið til þess að heimurinn er víðari en hugurinn getur hent reiður á og rými er skapað til að dvelja í bili óvissunnar, þar sem árangurstenging er aftengd - óvissan verður ekki mæld. Þar má óneitanlega finna oft á tíðum barnslegu gleðina við að uppgötva heiminn sem í fyrsta sinn væri. Óvænt sjónarhorn skapar gamalkunnugt fyrirbæri á ný – fyrirbærið er sem nýtt í vitundinni og hreyfir við skynbylgjunum sem blíðlega strjúka alla fyrri reynslu, vitund og skynjun verunnar og ný sköpun er skynjuð í verunni. Veran sjálf er ný. Manneskjan sjálf sem verður til í hverri andrá. Eílíf endurtekning hins sama. Heimspekingurinn Søren Kierkegaard ferðaðist stöðugt í rannsóknum sínum á þessum mótum tvenndarinnar og gerði hreyfingunni „á staðnum" í skapandi endurtekningu þverstæðunnar skil af einstakri næmni. „Tilveran, sem er til, verður nú til."[34] Eilíf hringrásin ástríðunnar og kraftsins hreyfingarinnar í veröldinni sem aldrei lætur staðar numið og gerir það alveg áreynslulaust. Hið hljóðláta í kjarna hringiðunnar. Hin eilífa þverstæða, drifkraftur alls. Áreynslulaus kraftur.

---

[33] Berys Gaut, „Creativity and imagination". Í: *Imagination and Creativity*, ritstj. Micheal Beaney, The Open University, Milton Keynes, United Kingdom, 2005, bls. 193-213.

[34] Søren Kierkegaard, *Endurtekningin*, þýð. Þorsteinn Gylfason, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 2000, bls. 80.

Mynd 11 Útvarp Innvarp FM 103,9. Bogi Ágústsson fréttamaður les upp dægurlagatexta.

Velkomin heim - eða óður til mennskunnar í fjórum hlutum

Í verki mínu í Gerðarsafni er þátttakandinn og samfélagið í fyrirrúmi. Hið einstaka og hið almenna mætist. Safnbyggingin sjálf er afhjúpuð sem samfélagsstrúktúr og minni samfélagskerfa dregin fram í dagsljósið s.s. neyðarútgangur, vegvísar, anddyri og utandyra má sjá skilti, í hefðbundnum búningi umferðarskilta, vísa á útvarpsstöð sem hluta verksins. Samfélagsreglur hversdagsins eru afhjúpaðar sem sköpun samfélagsþegna og listasafnið sem hluti af því þar sem opnunartími stjórnar veru listunnenda á staðnum - listin er afmörkuð í tíma og rúmi kerfanna. Hljóðlega er listunnandinn afhjúpaður sem þátttakandi og boðið upp á eigin sköpun sem verandi þátttakandi í samfélagi og af tagi rýmisins. Ekki er boðið upp á leiðbeiningar um þessa afhjúpun, heldur leitast við að setja gesti safnsins í spurn andspænis því sem er *við höndina* - safnið sjálft og umhverfi þess.

Andstæður, sem hreyfiafl alls sem er, fá auk þess að njóta sín í verkinu. Óræð hljóð og kvenrödd óma úr neyðarútgöngum og um safnabygginguna sem andstæða hins skýra upplesturs karlmannsraddar fréttamannsins sem flytur okkur „sannleikann” utandyra í útvarpinu. Verkið sem er hugsanlega ekki sérlega aðgengilegt í óáþreifanleika sínum innan dyra safnsins er mætt með andstæðunni

Mynd 12 Ljósmynd af gólfteppi í kjallaraherbergi Alþýðuhallarinnar við Hringbraut, 2014.

sinni utandyra í formi aðgengilegs upplesturs dægurlaga sem allir þekkja í útvarpinu. Heyrum við mannfólkið hvað við syngjum? Verund og vitund mætist. Allt er eitt og þátttakandinn er af tagi rýmisins. Verkið í heild sinni hvelfist um mennskuna og hvar hana megi finna en ábyrgðinni á leitinni er varpað á þátttakandann, manneskjuna sjálfa, sem settur er í spurn andspænis óáþreifanlegum verkum þar sem þeir sjálfir og safnið eru í aðalhlutverki.

Ferðalagið heim liggur um það sem er. Það sem er *við höndina.*[35] Hversdagurinn er við höndina og mennskan líka. Leiðangurinn minn inn í verkið sem hinn einstaki einstaklingur og þátttakandinn sem ég er, hófst í hinu allra hversdagslegasta - Alþýðuhöllinni við Hringbraut, heimili mínu.[36] Í hinu almennasta - hjá alþýðunni. Einstaklingarnir anda inn og anda út og ég fyllist löngun til að birta rönguna mót réttunni til að undirstrika eilíft samspil

---

[35] Hugtak úr smiðju heimspekingsins Martin Heidegger sbr. neðanmálsgrein á bls. 7 hér að ofan.

[36] Hér er átt við Verkamannabústaðina við Hringbraut í Reykjavík sem voru fyrstu verkamannabústaðirnir sem reistir voru á Íslandi, 70 íbúðir reistar af Byggingafélagi alþýðu eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar 1931. Tilgangur þess var að gefa tekjulægri stéttum tækifæri til að komast í húsnæði með lágum greiðslum.

Mynd 13 Neyðarútgangur Gerðarsafns eða táknmynd spíralsins - leiðin heim.

andstæðnanna, þverstæðu hins sama. **Fyrsti hluti:** Ljósmynd af gólfteppi í kjallaraherbergi Alþýðuhallarinnar. Ég fór niður á botn og hafðist við í dimmu, loftlausu kjallaraherbergi heimilis míns. Og kynslóðir önduðu úr teppinu. Í teppum búa lög mennsku. Í loftlausu kjallaraherbergi þakið þykkri mennsku gólfteppis botnsins hófst ferðin.

Rýmið, Gerðarsafn, var fyrirframákveðið og hið fyrsta sem fangaði athygli mína þegar ég kom inn í safnið, var neyðarútgangurinn. Hann var *það sem var* - undarlega staðsettur í Listasafni og augljóslega hafði gleymst að hlýta regluverki samfélags við byggingu safnsins og lögum um neyðarútganga - og honum því bætt við eftirá. Mistök virðast hafa átt sér stað. Hluti af mennskunni býr þar - í mistökunum. Þau þarf að faðma til þess að geta verið mennskur. Og um leið og mistökin eða hið óæskilega fær pláss og skuggarnir faðmaðir er mennskan í allri sinni fegurð í boði. Neyðarútgangurinn birtist mér sem eins konar boð inní alheim þar sem ferðast er um hið sígilda tákn spíralsins. Þaðan fær undirmeðvitundin að hljóma sem birtist í sögulegum táknum hennar - vatni, kvenrödd og óræði. Neyðarútgangurinn breytist í hið augljósa tákn ferðalagsins - spíralinn - sem í safninu vísar veginn niður á botn, niður á botn mennskunnar og breytist í brunn. Brunn þar sem skuggarnir og óttinn búa. Brunn alls þess sem má virkja og umbreyta. Þangað verður að halda ef vilji er til að ferðast heim. **Annar hluti:** Hljóðinnsetning. Upp úr neyðarútgangi Gerðarsafns hljómar óræð kvenrödd.

Mynd 14 Vegvísar bjóða þátttakendum út úr safninu. Listin er alltumlykjandi í hversdeginum.

Hljóðupptakan var tekin upp í því sem ég kalla móðurkvið - hringlaga, dimmt eimbað Vesturbæjarlaugarinnar í Reykjavík. Hin hversdagslega sundlaug, táknmyndin spíralsins og brunnurinn, móðurkviður, vatn og ómur kvenraddar teikna orku hins dulda eða hulda. Verkið er tilraun til að birta og virkja orku undirmeðvitundarinnar og boðin er leið þar sem faðma má allar hliðar mennskunnar ef haldið skal heim. Líka botninn. Í hljóðinnsetningunni er gerð tilraun til að miðla þessari orku til þátttakandans hljóðlaust með hljóði.



Mynd 15 Velkomin heim. Yfirlitsmynd af innsetningunni.

Og við heyrum hurð opnast og lokast. Hvaða hurð opnast ef við þorum í ferð um neyðarútganginn? **Þriðji hluti:** Í fordyri bjóða vegvísar leið út úr safninu og vísa fólki út í hversdaginn. Vegvísar safnsins gegna því hlutverki að birta þátttakandann, listunnandann sjálfan sig í spegli sem verandi af tagi rýmisins. Spegill í stað skiltis vísar í hið einstaka og hið almenna, þátttakandinn þ.e.a.s. listunnandinn er afhjúpaður sem hluti af verkinu og safninu þar með. Þátttakandinn er á staðnum

Mynd 16 Skilti á vegvísum hreyfast með samfélagslegum atburðum. Fyrir páska er gestum boðið út í hversdaginn til móts við krossfestingu með orðunum: Gjörið svo vel einn í Einu. Eftir páska, eftir upprisu birtir spegill einingu alls sem er.

og í verkinu, og þátttakandanum er birtur þátttakandinn - verund og vitund mætast á leið út úr safninu inn í hversdaginn, út úr veröldinni og inn í veröldina. Estetíkin öll í boði í þátttakandanum sjálfum, verandi skapandinn sjálfur - listamaður. Upplýsingastandur með skriflegum leiðbeiningum vísa á eina leið sem í boði er til að heyra betur í sjálfinu.

Innvarp Útvarp, Útvarp Innvarp speglar spegilinn vegvísisins og endurrómar þverstæðuna sem faðma má ef haldið skal heim. **Fjórði hluti:** Útvarpssending FM 103,9. Tími fréttaflutnings á upptök sín í Alþýðuhöllinni. Kl. 12:20 voru verkamenn búnir að borða hádegismat og heilög stund hversdagsins hófst. Fréttir. Í Innvarp Útvarp FM 103,9 eru í fréttum dægurljóð helst. Bogi Ágústsson fréttamaður les dægurlagatexta sem við þekkjum og syngjum. En heyrum við hvað við syngjum, heyrum við í sjálfum okkur? Þvert á kyn, þjóðir, kynslóðir eða stétt syngjum við með, lög mennskunnar og allt er sagt upphátt, óhulið. Guð, kærleikurinn, sársaukinn, sorgin, fegurðin ein. Útsending útvarpsins nær í óskilgreindan radíus umhverfis safnið og vísar í að listin er ekki háð veggjum listasafna né tímarömmum samfélagskerfana og útsendingin ómar allan sólarhringinn. Hins vegar nær útsendingin ekki lengra en svo að þátttakandinn,

> *Dægurlög er einn staður þar sem afhjúpa má það sem er við höndina - það sem er. Þeir staðir eru ekki bara víðar, öllu heldur eru þeir alltumlykjandi og allt sem er. Listin og fegurðin ein býr í*

> *hversdeginum, mennskunni sjálfri og allsnægtir eru við höndina. Skort má líta á sem val mennsku sem þorir ekki að faðma mennskuna alla sem alltaf felur í sér andstæður sem nefndar hafa verið nöfnum eins og gott og illt, myrkur og ljós eða karl og kona. Á máli allsnægtanna kallast þessar andstæður hreyfiafl. Og fegurðin er allt um lykjandi.*

ökumaður bílsins, nemur þegar útsendingin deyr og hann keyrir út úr verkinu og er þar með boðinn velkominn heim. Skruðningar berast úr útvarpi bifreiðarinnar og rödd fréttamannsins brestur uns slitrur ljóðsins óma og hverfa. Nú er í boði „... að byggja SAMHANGANDI LIFANDI HEILD SEM LISTAVERK."[37] Gjörðu svo vel - áreynslulaust flæði[38]. Velkomin heim.

---

[37] Joseph Beuys: „I am Searching for Field Character" í Carin Kuoni, ed., *Energy Plan for the Western Man: Joseph Beuys in America*, New York, Four Walls Eight Windows, 1990, bls. 21. Þýðing höfundar.

[38] Hér er vísað í hugmyndir Guy Debord, upphafsmann Situationst International um það að *flæða* sbr. franska orðið *dérive.* Í því sem Situationsistar kölluðu sálarlandfræði er *flæðið* óskipulögð ferð um svæði, oftast borgarsvæði, þar sem undirliggjandi estetík umhverfisins vísar ferðalöngunum leiðina í krafti undirmeðvitundarinnar með það að markmiði að upplifa umhverfið sem nýtt væri. Sjá: Guy Debord, *Theory of the Dérive,* þýð: Ken Knabb, Internationale Situationniste #2, Paris, December 1958.

Þögn

Í þögninni
milli hjartsláttarins
bíður kvaðning.
Heyrir þú í henni?

Nefndu hana ef þú finnur þig knúinn,
eða leyfðu henni að hvíla að eilífu nafnlausri,
en af hverju að láta sem
hún sé ekki þarna?[39]

Landamæraleysi hinnar óútskýranlegu eyðu birtist mér í fögnuði. Eyðan er þess eðlis að krefjast stöðugt lýsingarháttar nútíðar í elífri verðandi. Vitnið þarf rými og svigrúm öndunarinnar og möguleika á tengslum við öll skynfæri sín, sem þarf að virkja og þjálfa, eins og allt sem við tökum okkur fyrir hendur. Það þarf að iðka viðfangsefnið af alúð svo árangur náist. Framvinda ímyndunaraflsins er ávallt ófyrirséð og býður uppá rými dýnamísks ferlis sköpunarinnar. Hreyfingin nýtur sín í frelsi óendanlegra möguleika.

> *Það er ekkert líf án dauða. Enginn dauði án lífs. Ég anda inn og ég anda út.*
>
> *Hvenær missti mannskepnan sjónar á hinni eilífu hreyfingu sem hún sjálf er hluti af? Hvers vegna? Það skiptir kannski ekki máli. Það sem skiptir meira máli er eymdin sem því fylgir. Í miðju undrinu. Í miðri fegurðinni skapar mannskepnan skort þar sem enginn er.*

---

[39] Þýðing höfundar. Rumi var uppi á 12. öld og aðhylltist mystík Súfismans. Versið er hér birt í enskri útgáfu til að vega á móti takmarkaðri þýðingunni: In the silence / between your heartbeat / bides a summons. / Do you hear it? / Name it if you must, / or leave it forever nameless, / but why pretend it / is not there? Sjá: Jalal al-Din Rumi, *The Essential Rumi*, þýð. John Moyne, HarperCollins Publishers, USA, 1995.

Ég get einungis fullyrt. Því ég hef einungis mitt sjónarhorn. Ég vil ekki þykjast vera hlutlaus. Finnst það ekki áhugavert. Vil vera afdráttarlausa dýrið sem ég er svo ég geti átt í heiðarlegum átökum og skapast í undrinu.

Gott og slæmt. Verð að fá að faðma skuggana sem eru ekki skuggar heldur partur af mér. Hin hliðin af ljósinu í mér. Hvers vegna þykjumst við bara vera hvít. Óheiðarleikinn firrir okkur, okkur sjálfum.

Listin býður mér veg heim. Listin afhjúpar fegurðina. Listin faðmar skuggana. Listin faðmar allt litrófið. Listin afhjúpar mennskuna. Listin er mennsk. Listin ferðast um í óræðinu. Listin sprettur úr óvissunni. Listin verður ekki mæld á mælistikunum sem manneskjan missti sig í. Mælistikunum sem rændu tímanum. Tímanum sem er ekki tími heldur hjartsláttur. Listin er ég.

Í verkum mínum leitast ég við að afhjúpa rýmið - samfélagsstrúktúrana sem við höfum skapað og okkur sjálf sem hluta af þeim, svo taka megi ábyrgð á sköpuninni. Því ég er sammála Joseph Beyus þegar hann segir: „Einungis með róttækri útvíkkun hugtaksins mun það verða mögulegt fyrir listina og og listtengdar athafnir að færa sönnur á að listin er nú hið eina afl þróunar og byltingar. Einungis listin er þess megnug að rífa niður þjakandi áhrif hrums samfélagskerfis sem heldur áfram að skjögra meðfram dauðastundinni: að rífa niður með það að markmiði að byggja SAMHANGANDI LIFANDI HEILD SEM LISTVERK."[40]

Er kannski málið að iðka það er vera til, af alúð, svo lífið birtist? Taka þátt í eigin lífi? Væri ráð að gangast við okkur sjálfum sem eilífri sköpun eilíflega skapandi? Ég vil búa í fjarstæðunni heima. Þar sem allsgnægtirnar ríkja, verandi af tagi rýmisins. Skapandi dvelur manneskjan[41] og lífið er ljóð.

---

[40] Joseph Beuys: „I am Searching for Field Character" í Carin Kuoni, ed., *Energy Plan for the Western Man: Joseph Beuys in America*, New York, Four Walls Eight Windows, 1990, bls. 21. Þýðing höfundar.

[41] Hér er vitnað yfirskrift á fyrirlestri Hildigunnar Sverrisdóttur á HönnunarMars 2013 þar sem hún m.a. ryndi skrif Martin Heideggers þegar hann leggur út frá ljóði Hölderlin, *Peotically Man Dwells*. Sjá: Hildigunnur Sverrisdóttir, *Skapandi dvelur manneskjan*, fyrirlestur, HönnunarMars, Hannesarholt í Reykjavík, 15. mars. 2013.

Heimildaskrá:

Beauvoir, Simone de, „Hitt kynið – Inngangur.“ *Simone de Beauvoir, heimspekingur, rithöfundur, femínisti*. Irma Erlingsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir ritstýrðu. Rannsóknarstofa í kvennafræðum, Háskólaútgáfan, 1999.

Berleant, Arnold, „The Aesthetics of Art and Nature”. Í: The Aesthetics of Natural Environments. Ritstjórar Allen Carlson og Arnold Berleant. Broadview press. 2004.

Beuys, Joseph, „I am Searching for Field Character” í Carin Kuoni, ed., *Energy Plan for the Western Man: Joseph Beuys in America*, New York, Four Walls Eight Windows, 1990.

Bishop, Claire, Introduction/Viewers as Producers, í *Participation*, Whitechapel, London, The MIT Press, Cambridge, Massachusetts, 2006.

Bishop, Claire, „The Social Turn : Collaboration and Its Discontent“ í *Artificial Hells*. *Participatory Art and the Politics of Spectatorship*, London, New York, Verso, 2012, bls. 11-40.

Björn Jónsson, *Stjarnvísi í Eddum*, Bókaútgáfan Skjaldborg, Reykjavík, 1989.

Debord, Guy, *The Society of the Spectacle*, þýð: Fredy Perlman og Jon Supak, Black & Red, 1970.

Debord, Guy, *Theory of the Dérive,* þýð: Ken Knabb, Internationale Situationniste #2, Paris, December 1958.

Gaut, Berys, „Creativity and imagination”. Í: *Imagination and Creativity.* Ritstj. Micheal Beaney, The Open University, Milton Keynes, United Kingdom, 2005.

Gilje, Nils og Skirbekk, Gunnar, 1987, *Heimspekisaga,* þýð. Stefán Hjörleifsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999.

Hildigunnur Sverrisdóttir, *Skapandi dvelur manneskjan*, fyrirlestur, HönnunarMars, Hannesarholt í Reykjavík, 15. mars. 2013.

Hjörleifur Finnsson, *„*Ótti á tímum öryggis: Öryggisneysla og áhættustjórnun í eftirnútímanum*“,Hugur - tímarit um heimspeki*, 18. árgangur, 2006, bls. 132-154.

Irigary, Luce, *Teaching*, Continuum International Publishing Group, London, 2008

Iser, Wolfgang, „The Reading Process: A Phenomenological Approach”. Í: *Contemporary Critical Theory*, Ritstjóri Dan Latimer.

Kierkegaard, Søren, *Endurtekningin*, þýð. Þorsteinn Gylfason, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 2000.

Kierkegaard, Søren, „Sygdommen til døden”, *Samlede Værker*, Gyldendal, København, 1962-1964, bindi 15.

Kierkegaard, Søren, *Uggur og ótti*, þýð. Jóhanna Þráinsdóttir, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 2000.

Lawlor, Robert, *Sacred geometry, philosophy and practice*, Thames and Hudson, London, 1982.

Leibniz, Gottfried Wilhelm, *Orðræða um frumspeki*, þýð. Gunnar Harðarson, Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag, 2004.

Magee, Bryan,1987, *Miklir heimspekingar. Inngangur að vestrænni heimspeki*, þýð. Gunnar Ragnarsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2002.

Merleau-Ponty, Maurice, „Formáli að Fyrirbærafræði skynjunnarinnar“, *Hugur:tímarit um heimspeki*, 20. árgangur, Reykjavík, 2008, bls. 113 -126.

Rumi, Jalal al-Din, *The Essential Rumi*, þýð. John Moyne, HarperCollins Publishers, USA, 1995.

Myndaskrá:

Mynd: D. A. Freher, *Paradoxa Emblemata,* óútgefið handrit frá 17. öld.

Mynd 1: Magnús Sigurðarson, *Occupy my innocence*, myndbandsverk, 2012.

Mynd 2: Gullinsnið, Fibonacci runan.

Mynd 3: Vesica Piscis, Mandorla eða sniðmengi.

Mynd 4: Debord, Guy, *The Naked* City*,* kort, 1957 í Sadler, Simon, *The Situationist City*, The MIT Press, Cambridge, MA, 1998, bls. 60.

Mynd 5: Slíjm sf., *Vinnuferli*, Slíjm sf., 2013.

Mynd 6: Slíjm sf., *Vinnuferli*, Slíjm sf., 2013.

Mynd 7: Slíjm sf., *Slíjmböð og Náðarbrunnar við Gróttu*, atburður, Slíjm sf., ágúst 2013.

Mynd 8: Slíjm sf., *Alheimsatburður*, atburður, Slíjm sf. og Hrafnkell Sigurðsson, vetrarsólstöður 2012.

Mynd 9: Slíjm sf., *Alheimsatburður*, atburður, Slíjm sf. og Hrafnkell Sigurðsson, vetrarsólstöður 2012.

Mynd 10: Slíjm sf., *Næturvarp*, myndbandslist í RÚV, Slíjm sf. í samstarfi við Önnu Hrund Másdóttur, Ingibjörgu Sigurjónsdóttur o.fl., 30. janúar – 14. febrúar 2014. | Kyrrmynd úr myndbandsverki Ásdísar Sifjar Gunnarsdóttur, *Kingdom of you*, 2004.

Mynd 11: Kristín Gunnarsdóttir, *Velkomin heim*, Innsetning - útvarpssending, Útskriftarsýning meistaranema í myndlist við Listaháskóla Íslands, Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn, 2014.

Mynd 12: Kristín Gunnarsdóttir, *Velkomin heim*, Ljósmynd í sýningarskrá, Útskriftarsýning meistaranema í myndlist við Listaháskóla Íslands, Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn, 2014.

Mynd 13: Kristín Gunnarsdóttir, *Velkomin heim*, Hljóðinnsetning í neyðarútgöngum Gerðarsafns, Útskriftarsýning meistaranema í myndlist við Listaháskóla Íslands, Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn, 2014.

Mynd 14: Kristín Gunnarsdóttir, *Velkomin heim*, Innsetning - vegvísar, Útskriftarsýning meistaranema í myndlist við Listaháskóla Íslands, Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn, 2014.

Mynd 15: Kristín Gunnarsdóttir, *Velkomin heim*, Yfirlistmynd af innsetningunni í heild sinni, Útskriftarsýning meistaranema í myndlist við Listaháskóla Íslands, Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn, 2014.

Mynd 16: Kristín Gunnarsdóttir, *Velkomin heim*, Innsetning - vegvísar, Útskriftarsýning meistaranema í myndlist við Listaháskóla Íslands, Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn, 2014.